

Alþingi
Erindi nr. Þ 139/2592
komudagur 20.5.2011



Reykjavíkurborg
Minjasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 20. maí 2011
2011040008
030

Menntamálanefnd Alþingis

Alþingishúsinu við Austurvöll
101 Reykjavík


Viðauki við umsögn Menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um menningarminjar.

Þann 13. maí s.l. sendi Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar menntamálanefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um menningarminjar, 651. mál. Borgarráð hefur óskað eftir því að viðbótarathugasemd við 22. gr. frumvarpsins verði komið á framfæri við menntamálanefnd, sbr. meðfylgjandi afrit af bókun borgarráðs frá 19. maí.

Í VI. kafla frumvarpsins er fjallað um verndun og varðveislu fornminja og þar segir í 22. gr.:
„Þeim fornleifum sem friðlýstar eru skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis, nema kveðið sé á um annað.“

Gerð er athugasemd við að ákvæðið, sem getur illa átt við í borgarumhverfi, þar sem ekki er gerður greinarmunur á því hvort friðlýstar minjar eru innan byggðar eða á víðavangi. Telja verður að svo stórt verndarumhverfi verði á stundum illa komið fyrir í þétu borgarumhverfi. Þó fram komi að Minjastofnun geti heimilað framkvæmdir innan friðhelgaðs svæðis kemur ekki skýrt fram hver skuli bera kostnað af því ef hætta þarf við framkvæmdir sem fyrirhugaðar hafa verið innan verndarsvæðis. Þetta þarf að vera ótvírætt.

Virðingarfyllst, f.h. menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar


Guðný Gerður Gunnarsdóttir
borgarminjavörður

Hjálagt:

Bréf borgarstjórans í Reykjavík dags. 20. maí 2011

Afrit:

Borgarstjórnin í Reykjavík

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar



Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 20. maí 2011
R11040095
175
KST/újb

Menningar- og ferðamálasvið
Svanhildur Konráðsdóttir, sviðsstjóri
Aðalstræti 2
101 REYKJAVÍK

Frumvörp til safnalaga og laga um menningarminjar

Á fundi borgarráðs 19. þ.m. var kynnt umsögn menningar- og ferðamálasviðs frá 13. þ.m. til menntamálanefndar Alþingis um frumvörp til safnalaga og laga um menningarminjar.

Menningar- og ferðamálasviði falið að senda Alþingi viðbótarathugasemd þess efnis að þrátt fyrir það sem komi fram í umsögn sviðsins þá geri Reykjavíkurborg athugasemd við 22. gr. frumvarpsins þar sem friðhelgað svæði er aukið úr 20 m í 100 m. Borgarráð telur að 100 m friðhelgað svæði umhverfis friðlýstar minjar gangi illa upp í þéttu borgarumhverfi. Þá sé óljóst hver beri kostnaðinn af því að ekki er hægt að fara í framkvæmdir, sem áður voru kannski fyrirhugaðar, innan þessa 100 m rafiuss. Ríkið ber kostnaðinn af hinum friðlýstu minjum en ekkert kemur fram um hvað gildi um 100 m verndarsvæðið.

Kristbjörg Stephensen
e.u.